# AUGLÝSING

**fjármálaráðherra um álagningu opinberra gjalda á árinu 2003.**

1. gr.

Skattstjórar skulu eigi síðar en 31. júlí 2003 hafa lokið álagningu opinberra gjalda á menn. Álagningu lögaðila skal vera lokið eigi síðar en 31. október 2003.

2. gr.

Auglýsing þessi sem sett er með heimild í 93. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 15. gr. laga nr. 149/2000, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 8. janúar 2003.*

**Geir H. Haarde.**

*Maríanna Jónasdóttir.*

2. janúar 2003 Nr. 21

# AUGLÝSING

**um breytingu á lágmarksupphæð stofnfjár sjóðs eða stofnunar sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.**

Samkvæmt 2. gr. laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988 skal stofnfé sjóðs eða stofnunar árið 2003 vera 581.000 kr. hið minnsta.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 2. janúar 2003.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

*Bryndís Helgadóttir.*

8. janúar 2003 Nr. 22

# GJALDSKRÁ

**Akureyrarbæjar fyrir ýmis gjöld skv. skipulags- og byggingarlögum.**

1. gr.

Fyrir byggingaleyfi skal greiða eftirfarandi gjöld:

**1.1. Íbúðarhúsnæði.**

Neðangreind gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdrátta. Þá er innifalið í gjaldinu byggingaleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.